

AUGLÝSING

um endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi til alifugla og svínaræktar, skv. 1. nr. 95/1981.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 1. júní 1985, nema öðruvísi verði ákveðið, skal endurgreiða úr kjarnfóðursjóði til framleiðenda á afurðum svína og alifugla, hluta kjarnfóðurgjalds, sem álagt er við tollafgreiðslu á innflutt fóður, sbr. reglugerð nr. 497 frá 27. desember 1984.

Endurgreiðslan skal vera 26,67%-stig af álögðu kjarnfóðurgjaldi fyrir hverja fóðurtegund fyrir sig innan hverrar fóðursendingar sem er tollafgreidd. Þó skal endurgreiðslu hagað þannig, að eigi innheimtist hærri fjárhæð kjarnfóðurgjalds af hverri einstakri fóðurtegund en kr. 2 700,00 af hverju innfluttu tonni þessarar fóðurtegundar í hverri sendingu.

2. gr.

Endurgreiðsla kjarnfóðurgjaldsins skal eingöngu vera vegna þess fóðurs sem framleiðendur á afurðum svína og alifugla kaupa til þessarar framleiðslu á tímabilinu 1. janúar til 1. júní 1985.

3. gr.

Endurgreiðsla á kjarnfóðurgjaldi úr kjarnfóðursjóði fer fram annaðhvort með milligöngu fóðursala eða beint úr kjarnfóðursjóði til framleiðenda. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast um hluta endurgreiðslunnar og annast hinn hlutann sjálfur, heldur verður hann að velja aðra hvora leiðina.

4. gr.

Nú vill framleiðandi láta fóðursalann annast innheimtu hins endurgreiðanlega hluta fyrir sig, gefur hann þá viðkomandi fóðursala umboð til þess sem fóðursalinn skal leggja fram til kjarnfóðursjóðs, þegar hann krefur um endurgreiðsluna. Auk þess leggur fóðursalinn fram, þegar endurgreiðslu er krafist, skrá til kjarnfóðursjóðs um alla þá sem keypt hafa fóður til alifugla- og svínaræktar. Þar skal koma fram nafn, nafnnúmer kaupanda og heimilisfang, og magn, tegund og verð fóðursins. Hver skrá skal aldrei ná yfir meira en eitt verðtímabil á fóðri, þannig að sama fóðurtegund sé ekki með mismunandi háa endurgreiðsla á sama lista.

5. gr.

Hafi fóðursali ekki milligöngu um endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldinu, endurgreiðir Framleiðsluráð landbúnadarins beint til framleiðenda þann hluta kjarnfóðurgjaldsins sem ber að endurgreiða úr kjarnfóðursjóði. Sá sem krefur um endurgreiðsluna skal leggja fram reikninga með nafni, nafnnúmeri og heimilisfangi, er sýna magn og tegund þess fóðurs sem er keypt. Framleiðsluráðið greiðir mánaðarlega til framleiðenda eftir framlögðum reikningum.

6. gr.

Fóðursalar skulu reikna út við verðákvörðun á kjarnfóðri, hver hluti kjarnfóðurgjaldsins er í hverri fóðurtegund og hver endurgreiðanlegi hluti kjarnfóðurgjaldsins er í sama fóðri, sbr. 1. gr. Pennan útreikning skulu fóðursalar senda Framleiðsluráði hverju sinni, er verðbreyting hefur farið fram, og í fyrsta sinn fyrir verðútreikning er gilti frá og með 1. janúar 1985.

7. gr.

Til að tryggja rétt framleiðenda svína eða alifugla til endurgreiðslna, er þeim gert skylt að leggja fram framleiðsluskýrslur (innleggs- eða sölunótur) ársfjórðungslega til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eða til stjórnar viðkomandi félags, er safnar þeim og leggur fram til staðfestingar endurgreiðslurétti. Jafnframt fylgi skýrsla um bústofsstærð í lok hvers tímabils. Ennfremur skal framleiðandi leggja fram framleiðsluskýrslu fyrir árið 1984 fyrir 1. mars n. k. Ekki verður greitt til aðila sem ekki skila skýrslum um framleiðslu samkvæmt framansögðu, fyrr en úr hefur verið bætt. Skilafrestur á skýrslum er þrjár vikur.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

ERINDISBRÉF

fyrir ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar.

1. gr.

Við Hafrannsóknastofnun starfar ráðgjafarnefnd.

Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar	fjóra menn
Fiskifélag Íslands	einn mann
Landssamband ísl. útvegsmanna	tvo menn
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	einn mann
Sjómannasamband Íslands	einn mann
Stýrimannaskólinn	einn mann
Tækniskóli Íslands	einn mann
Fiskvinnsluskólinn	einn mann
Háskóli Íslands	einn mann
Rannsóknaráð ríkisins	einn mann
Sjávarútvegsráðuneytið	einn mann

Alls 15 menn

Auk þess eiga sæti í nefndinni forstjóri og formaður ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og forstjóri og aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunar. Ráðgjafarnefndin kys formann og varaformann.

2. gr.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og þeirra aðila sem hagnýta eiga niðurstöður af rannsóknum hennar. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og skal störfum hennar hagað í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

— Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust, en oftast eftir þörfum.